

Aðalfundur FaMos haldinn í Hlégarði mánudaginn 20. febrúar 2017 kl. 20:00

1. Formaður, Harald S. Holsvik bauð FaMos félag og gesti velkomna. Hann setti fundinn og tilnefndi Magnús Sigsteinsson sem fundarstjóra og Jón Þórð Jónsson sem ritara. Það var samþykkt. Fundarstjóri úrskurðaði um lögmati fundarins, sem var auglýstur með nægum fyrirvara.

2. Harald S. Holsvik, formaður FaMos, flutti skýrslu stjórnar:

Formaður gerði grein fyrir skipan stjórnar frá síðasta aðalfundi. (sjá undir liðnum kosningar).

Haldnir voru 10 stjórnarfundir á tímabilinu. Stjórn FaMos hélt nýlega samráðsfund með hinum ýmsu samstarfsnefndum og hópum innan félagsins. Formaður gerði grein fyrir helstu nefndum og hópum (sjá undir liðnum Skýrslur nefnda og hópa). Birtar verða á heimasíðu FaMos allar upplýsingar um starfsmenn nefnda og vinnuhópa ásamt því að öll nöfn þeirra munu birtast á vef Mosfellsbæjar. Gefið verður út fréttabréf með helstu upplýsingum um starfsemi félagsins fram til vors.

Félagsstarfið að Eirhömrum: Síðast liðið ár eins og fyrri ár, hefur félagið átt alveg sérstaklega góða samvinnu við Elvu Björgu Pálsdóttur og aðstoðarleiðbeinendur hennar, Stefaníu Bjarnadóttur, Guðbjörgu Stefánsdóttur og Kristínu Helgu Runólfsdóttur, það sama á við um allt starfsfólk Eirhamra og Hamra, sérstaklega forstöðukonuna Valgerði Magnúsdóttur. Formaður þakkaði fyrir hönd stjórnar innilega hið góða samstarf. Eins og flestum er vel kunnugt, sem eru með netföng, eru fjölmörg námskeið og þjálfun ýmiskonar auglýst og eldri borgarar njóta þess alls í ríkum mæli.

Upplestur fyrir heimilsmenn Eirhamra og Hamra: Undanfarin ár, hefur Sigurður Hreiðar Hreiðarsson og fleiri, m.a. Guðjón Jensson, lesið upp úr ýmsum bókum og skáldritum fyrir heimilismenn á Hömrum og Eirhömrum. Birgir D. Sveinsson tók svo við keflinu af Sigurði og hefur annast upplestur vikulega fyrir heimilisfólk Hamra að undanfögnu. Við í stjórn FaMos, þökkum þessum ágætu mönnum göfugt og óeigingjarnt starf undanfarin ár fyrir okkar skjólstæðinga.

Um Öldungaráð Mosfellsbæjar: Skipulagsskrá öldungaráðs var tekin fyrir og samþykkt í Bæjarráði Mosfellsbæjar 5. feb. 2015. Stjórn FaMos skipaði eftirtalda í öldungaráðið, sem tók formlega til starfa og hélt sinn fyrsta fund 3ja júní 2015. Tilnefnd í ráðið af hálfu FaMos eru: Aðalmenn: Harald S. Holsvik og Magnús Sigsteinsson. Varamenn: Sara Elíasdóttir og Jón Þórður Jónsson. Kjörtímabil öldungaráðs fylgir sveitarstjórnarkosningum. Aðalmarkmið öldungaráða er að vera ráðgefandi aðili og umræðuvettvangur milli sveitarstjórnar og aldraðra. Öldungaráðið skipa einnig: Frá Mosfellsbæ: Unnur V. Ingólfssdóttir, framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs og Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrúi en hún lét af störfum s. l. vor, en í hennar stað kom Theódór Kristjánsson, bæjarfulltrúi. Sameiginlega tilnefnd af hálfu beggja aðila eru: Svala Árnadóttir, en varamaður hennar er Jóhanna B. Magnúsdóttir. Á fundum Öldungaráðsins komu fram óskir um að endurnýja ætti sem allra fyrst, líkamsþjálfunarbúnað eða hluta hans að Eirhömrum. Kostnaður við slíka framkvæmd hleypur á miljónum króna. Nú fyrir stuttu urðu þessar óskir að veruleika. Mosfellsbær lagði út fyrir „fjölpjálfa“ og samhliða kom Lionsklúbbur Mosfellsbæjar að málum og gaf þrekþjálfunartæki, göngubretti og þrek hjól af nýrri gerð. Stjórn FaMos vill koma á framfæri innilegu þakklæti fyrir þessar góðu gjafir fyrir FaMos félag og eldri borgara í Mosfellsbæ. Tekið skal fram að þessi aðstaða er fyrir alla eldri borgara í Mosfellsbæ ekki aðeins íbúa Eirhamra og Hamra. Jafnframt er rétt að minna á fyrri áform Öldungaráðs Mosfellsbæjar um að auka þrýsting á stjórnvöld um að byggja fleiri hjúkrunarrými ofan á Hamra. FaMos mun minna áfram á nauðsyn þessa þarfa málefnis.

Um 85 ára og eldri: Á síðasta aðalfundi var samþykkt að þeir sem verða 85 ára á viðkomandi almanaksári, verði gjaldfrjálsir eftirleiðis ævinnar. Á síðasta ári voru 20 félagar sem nutu gjaldfrelsis en í ár verða þeir 30.

Formannafundur Landssambands eldri borgara (LEB) var haldinn í Hlégarði 26. apríl s.l. Fundurinn tókst prýðilega en fundarstjóri var Grétar Snær Hjartarson. Helstu málefni fundarins voru, væntanlegar lagabreytingar á almannatryggingalögum sem tóku gildi við síðustu áramót.

Landsfundur LEB: Harald S. Holsvik og Magnús Sigsteinsson, voru kjörnir fulltrúar félagsins til setu á síðasta landsfundi LEB sem

haldinn var í Gullsmára, félagsheimili eldri borgara í Kópavogi, dagana 5. og 6. maí 2015.

Skrifstofa FaMos: Stjórnarmenn skipta á milli sín viðveru á skrifstofu á miðvikudögum, frá kl. 15:00 til 16:00. en lokað er yfir sumartímann. FaMos verður 15 ára 1. október n.k. Stjórnin mun skoða málið þegar nær dregur.

Formaður FaMos fór með Ferðanefnd FaMos og Bændaferðum til Tíról. Þessi ferð var skemmtiferð 20. til 27. sept. s.l. Ferðin heppnaðist mjög vel í alla staði og á Ferðanefndin mikið þakklæti skilið fyrir vel unnin störf og skipulag í samstarfi við Bændaferðir.

Formaður FaMos þakkaði stjórn fyrir gott samstarf s.l. þrjú ár. Hann hefur nú lokið sínu fyrra ári af tveimur, en Harald S. Holsvik var kjörinn til formennsku á síðasta aðalfundi til tveggja ára. Hann þakkaði fyrir ómetanlega aðstoð allra og stuðning. Skýrsla stjórnar. (sjá fskj nr. 1.)

3. Skýrslur nefnda og hópa:

3.1. Menningar og skemmtinefnd: Ingólfur Hrólfsón, formaður nefndarinnar gerði grein fyrir störfum nefndarinnar, en hann hóf störf fyrir nefndina í stað Grétars Snæs Hjartarsonar á menningarkvöldi 10. október 2016. Aðrir nefndarmenn eru: Bjarney Einaradóttir, Hjördís Sigurðadóttir, Halldór Sigurðsson og Elías Árnason. 14. nóvember 2016, var haldið menningar- og skemmtikvöld í Hlégarði. Á dagskrá var myndasýning frá ferð FaMos til Tíról sem Harald Holsvik sá um og Gréta Salome bæjarlistamaður, skemmti með leik og söng. 12. desember var jólahugvekja sem séra Arndís Linn sá um og Vorboðarnir sungu undir stjórn Hrannar Helgadóttur. Þann 9. janúar skemmti Jón Magnús Jónsson með söng, undirleikari var Jónas Þórir og Pétur Bjarnason, fyrrum skólastjóri, flutti mjög fróðlegt erindi um Básendaveðrið og síðan ýmis gamanmál.

Námskeið Bjarka Bjarnasonar um þjóðsögurnar hófst 24. janúar. Þátttakendur eru 21. Fyrirhuguð er ferð á „draugaslóðir“ 13. og 14. maí.

Að loknum aðalfundarstörfum hér í kvöld sýna ungir dansarar úr Þjóðdansafélaginu þjóðdansa. Boðið verður upp á þorramat.

Þann 13. mars munu þeir feðgar Sigurður Hansson og Arnór Sigurðsson spila og syngja og Halldór Sigurðsson verður með upplestur. Þann 10. apríl verður Barnakór Lágafellsskóla. Ákveðið

hefur verið að „menning um miðjan dag“ verði í september en ekki í maí.

Skýrsla menningar og skemmtinefndar (sjá fskj nr. 2.)

3.2. Íþróttanefnd: Pétur Guðmundsson, formaður gerði grein fyrir starfsemi íþróttanefndar. Í stjórn eru auk Péturs, Sigrún Kröyer, Ursula Jünemann og Gunnvör Björnsdóttir. Félagsstarfið hefur verið með hefðbundnum hætti, vatnsleikfimi tvisvar í viku, boccia, dansleikfimi og púttæfingar einu sinni í viku. Ringó er nú tvisvar í viku. Í ringó, dansleikfimi og púttæfingum hefur fjölgað iðkendum. Vatnsleikfimin er fjölmennust undir stjórn Karin Mattsson. Stefnt er að morguntíma til viðbótar, kl. 7:30 vegna fjölda áskorana. Karl Loftsson hefur í 18 ár stjórnað púttæfingum. Pétur minnir á gönguhópinn sem fer frá Hlaðhömrum þriðjudaga, föstudaga og laugardaga kl. 11, einnig kínverska leikfimi Qigong sem er í Varmárskóla tvisvar í viku þriðju- og fimmtudaga kl. 10:00.

Íþróttamót félags áhugafólks um íþróttir aldraðra (FÁÍA) hafa verið með hefðbundnum hætti um allt land og nú verður boccia mót í Varmárskóla laugardaginn 25. feb. n.k. Endilega komið og hvetjið FaMos féлага. Skýrsla formanns (sjá fskj nr. 3.)

3.3 Kaffinefnd: Dinah Dunn er formaður kaffinefndar aðrar í kaffinefndinni eru: Guðrún Emilía Karlsdóttir, Kristbjörg Steingrímsdóttir, Jóhanna S. Guðbjörnsdóttir, Oktavía Stefanía Helgadóttir og Sara Elíasdóttir. Kaffinefndin sér um veitingar á menningarkvöldum og á aðalfundi félagsins.

3.4. Ferðanefnd: Formaðurinn Margrét Jakobína Ólafsdóttir gerði grein fyrir starfi ferðanefndar. Aðrir í ferðanefnd eru. Valdís Ólafsdóttir og Albert H. Gunnarsson. Farin var skemmtiferð þann. 20. til 27. sept. sl. til Tíról. Sumarferðin verður dagana 6. til 8. júní n.k. og liggur um norðurland. Gist verður á Siglufirði. Kynning á sumarferðinni verður um miðjan mars.

Auglýsing vegna sumarferðar. (sjá fskj nr. 4.)

3.5. Spilaneftnd: Karl Loftsson gerði grein fyrir starfseminni. Karl og Bernhard Linn sjá um spilamennskuna. Um er að ræða bridge og félagsvist, auk bingó. Léleg aðsókn er í félagsvistina. Karl sagði að

15 manna hópur hafi farið á púttmót sem haldið var í Borgarnesi fyrir stuttu. Þátttakendur voru frá Borgarnesi, Akranesi og Mosfellsbæ.

3.6. Gönguhópur: Umsjónamenn eru: Kristinn Breiðfjörð og Unnur Haraldsdóttir. Hópurinn gengur frá Hlaðhömrum þrisvar í viku kl. 11:00, þriðjudaga föstudaga og laugardaga.

3.7 Línudans. Kolbrún Jónsdóttir er umsjónamaður. Kolbrún hefur átt við veikindi að stríða, því verður ekki línudans það sem eftir er vetrar, en hefst að nýju í haust.

3.8. Vorboðar, kór eldri borgara í Mosfellsbæ: Úlfhildur Geirsdóttir, formaður Vorboða, gerði grein fyrir starfsemi kórsins, Vorboðar æfa einu sinni í viku í safnaðarheimili Lágafellssóknar. Félagar eru um 50 talsins. Raddþjálfari og kórstjóri er Hrönn Helgadóttir. Kórinn stendur fyrir allskonar söngstarfi, m.a. er sungið við messur, á kóramótum, basar á Eirhömrum, fyrir heimilisfólkið á Skálatúni og á jólahlaðborði á Hótel Örk, svo eitthvað sé nefnt. Skýrsla formanns. (sjá fskj. Nr. 5.)

3.9. Gaman saman: Umsjónamaður er Úlfhildur Geirsdóttir. Úlfhildur gerði grein fyrir starfsemi Gaman saman sem er nú á sínu fjórða ári og er sem áður annan hvern fimmtudag. Gaman saman er vel sótt og yfirleitt koma milli 50 og 60 gestir bæði frá Eirhömrum, Hömrum og utan úr bæ. Gaman saman fær ávallt góða gesti frá leikskólum bæjarins, barnakórum skólanna, lúðrasveitinni, og svo nemendur frá Listaskóla Mosfellsbæjar. Umsjón, er í höndum Úlfhildar Geirsdóttur og henni til aðstoðar eru Bjarney Einarsdóttir og Guðríður Pálsdóttir, jafnframt aðstoða aðrir félagar í Vorboðum að ógleymdri Elvu Pálsdóttur, framkvæmdastjóra félagsstarfsins að Eirhömrum. Gítarleikari og skemmtikraftur er Helgi R. Einarsson. Skýrsla umsjónarmanns. (sjá fskj.nr. 6.)

3.10 Kíkt fyrir hornið: Sara Elíasdóttir er umsjónamaður. Þátttaka í „Kíkt fyrir hornið“ er ekki nægilega mikil og því eru engar ferðir eins og er en í staðinn er spiluð kanasta annan hvern fimmtudag.

3.11. Leshringur: Einar Halldórsson gerði grein fyrir starfseminni. Umsjón hafa, Einar Halldórsson og Jóhanna Sigurðardóttir með aðstoð Málfríðar Finnbogadóttur frá Bókasafni Mosfellsbæjar. Hópurinn hittist einu sinni í mánuði að Eirhömrum kl.10:30 og fjallar þá um eina bók hverju sinni. Rithöfundar koma í heimsókn af og til. Leshringinn sækja 13 til 15 manns, sem er hámark að mati Einars, ef fleiri vilja vera með þarf að stofna annan hóp. Skýrsla umjónamanna. (sjá fskj nr.7.)

4. Ársreikningur FaMos:

Pétur Guðmundsson gjaldkeri FaMos gerði grein fyrir reikningunum Félagsgjöld 2016 voru kr. 1.185.000 frá 474 félögum. Tekjur í árslok voru kr. 2.323.251. Útgjöld í árslok voru kr. 1.830.555. Tekjur umfram gjöld voru kr. 492.696. Eignir FaMos í árslok voru kr. 4.114.364. Auk þess á félagið tvö píanó, eitt í Lágafellskirkju og annað á hjúkrunarheimilinu Hömrum. FaMos á einnig þrjár trésmíðavélar og ryksugu, staðsett í módelsmíðastofu Eirhamra ásamt búnaði þeim tilheyrandi og tölvu, prentara o.fl. á skrifstofu. Skýrsla gjaldkera og reikningur. (sjá fskj nr.8 og 9)

5. Umræður um skýrslu stjórnar, nefnda og hópa ásamt ársreikningi FaMos:

Reikningar, Einar Hólm spurðist fyrir um styrk til Kirkjukórs Lágafellssóknar. Úlfhildur varð fyrir svörum og upplýsti að þessi styrkur væri til styrktar **Jólaljósi**, tónleikum á vegum kirkjukórsins, þar sem safnað er fyrir góðu samfélagsverkefni. Reikningar FaMos fyrir 2016 voru svo samþykktir samhljóða.

6. Félagsgjald: Stjórn FaMos lagði til að félagsgjald verði óbreytt fyrir 2017, kr. 2.500. Ákvörðunin gildir til næsta aðalfundar. Þetta var samþykkt.

7. Kosningar:

Núverandi stjórn: Harald S. Holsvik, formaður, (kjörinn sérstaklega til 2ja ára 2014 og 2016, situr áfram eitt ár). Sara Elíasdóttir, varaformaður, (kjörin til 2j ára 2014 og 2016, situr áfram eitt ár). Magnús Sigsteinsson, meðstjórnandi, (kjörinn til 2ja ára 2014 og 2016, situr áfram eitt ár). Jón Þórður Jónsson, ritari, (kjörinn í tvö ár

frá 2015) og Pétur Guðmundsson, gjaldkeri, (kjörinn í tvö ár, frá 2015). Varamenn: Úlfhildur Geirsdóttir var kjörin 1. varamaður og Snjólaug Sigurðardóttir 2. varamaður. Varamenn eru kjörnir til eins árs í senn á aðalfundum.

Úr stjórn eiga að ganga , Jón Þórður ritari og Pétur Guðmundsson gjaldkeri, þeir gefa báðir kost á sér til endurkjörs til tveggja ára. Jón og Pétur voru endurkjörnir samhljóða. Áfram sitja í stjórn Harald S. Holsvik formaður, Sara Elíasdóttir varaformaður og Magnús Sigsteinsson meðstjórnandi.

Kosning varamanna: Varamenn fráfarandi stjórnar voru; Úlfhildur Geirsdóttir, endurkjörin 2016 og Snjólaug Sigurðardóttir, kjörin 2016. Þær gefa báðar kost á sér til endurkjörs. Úlfhildur og Snjólaug voru endurkjörnar samhljóða.

Kosning skoðunarmanna ársreikninga: Skoðunarmenn ársreikninga eru: Leifur Kr. Jóhannesson og Ólafur Gunnarsson, þeir gefa kost á sér áfram ásamt Kristbjörgu Steingrímsdóttur sem gefur kost á sér sem varaskoðunarmaður ársreikninga. Þau voru öll endurkjörin samhljóða. Harald og Magnús voru kjörnir fulltrúar FaMos á landsþing LEB. Samþykkt samhljóða.

8. Fundarstjóri, þakkaði fundarritara fyrir fundarritun og fundargestum góða fundarsetu og bað Ingólf Hrólfsson, formann menningar og skemmtinefndar að taka við stjórn samkomunnar.

Fundi slitið 21.10.

Innskot ritara. Eftir aðalfundinn sýndu ungir dansarar þjóðdansa við góðar undirtektir. Að lokum var boðið til örþorrablóts í boði félagsins sem kaffinefnd sá um með miklum sóma, eins og ávallt þegar þessar frábæru konur taka til hendinni.

Ritari: Jón Þórður Jónsson (sign).

Fundarstjóri: Magnús Sigsteinsson (sign).